

## ATVINNU- OG UMHVERFISMÁL – Ályktanir Haustþings SSV 2022

*Haustþing SSV, haldið í Stykkishólmi 21.-22. september 2022, leggur fram eftirfarandi ályktanir um atvinnu- og umhverfismál:*

### Atvinnulíf á Vesturlandi

- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að styðja vel við og stuðla að verkefnum sem efla sjálfbærni í iðnaði og matvælaframleiðslu, hagnýtingu efnis og auðlindastrauma, klasasamstarf og eflingu hringrásarhagkerfis á Vesturlandi.
- Haustþing SSV hvetur stjórnvöld til frekari aðgerða og ívilnana vegna atvinnustarfsemi á landsbyggðinni, en slíkar aðgerðir eru mjög mikilvægar til að fjölga tækifærum fólks til búsetu og getur stutt við byggðafestu á landsbyggðinni.

Atvinnulíf á Vesturlandi hefur gengið í gegnum miklar breytingar undanfarin ár. Sjávarútvegur og landbúnaður voru áður langstærstu atvinnugreinarnar, en hlutdeild þeirra er mun minni í dag en áður. Á móti kemur að stóriðnaður á Grundartanga og ferðaþjónusta hafa vaxið mjög hratt. Sama má segja um opinbera þjónusta og þjónustu almennt, sem er orðin afar mikilvæg atvinnugrein auk þess sem grænir iðngarðar, nýsköpunar- og sprotafyrirtæki eru að koma fram og skjóta rótum. Vissulega hefur þessi þróun verið misjöfn eftir svæðum á Vesturlandi og segja má að þróun atvinnulífs endurspeglar í íbúabróun á Vesturlandi. Það blasir við að samfélagið mun áfram ganga í gegnum miklar breytingar og því er mikilvægt að aðilar atvinnulífs á Vesturlandi geti unnið að nýjum hugmyndum og tileinkað sér hluti sem skipta máli. Því er skilningur og stuðningur stjórnvalda mjög mikilvægur til að stuðla að uppbyggjandi atvinnuþróun á Vesturlandi.

### Ferðaþjónusta

- Haustþing SSV skorar á ríkið að setja fram opinbera ferðamálastefnu og framkvæmdaáætlun fyrir áfangastaðinn Ísland, sem byggir á rannsóknum, greiningum og stefnumótun stjórnvalda og tekur mið af áfangastaðaáætlunum landshlutanna.
- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að festa áfangastaðaáætlanir landshlutanna betur í sessi sem stjórnunarverkfæri varðandi áherslur í uppbyggingu innviða og álagsstýringar á ferðaleiðum.
- Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja áfangastaða- og markaðsstofum landshlutanna nægt fjármagn til að standa undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað samkvæmt samningum.
- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að marka skýra sýn og reglur varðandi uppbyggingu innviða, ábyrgð, umsjón og innheimtu á áningarstöðum við náttúruperlur á Íslandi.

- Haustþing SSV skorar á ríkið að skýra og einfalda regluverk um ferðapjónustu, þannig að það sé ekki íþyngjandi eða dragi úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í ferðapjónustu sem starfa í samkeppnisumhverfi á heimsmarkaði.
- Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja sveitarfélögunum fjármögnunarleið til að standa undir auknum útgjöldum vegna vaxandi ferðapjónustu á landinu.
- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að standa fyrir og stuðla að markvissri uppbyggingu og virkum rekstri á innviðum og grunnþjónustu sem styður við ferðapjónustu á hverju svæði til að hægt sé að standa fyrir rekstri á heilsárs ferðapjónustu allsstaðar á Vesturlandi.
- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að stuðla að og styðja við uppbyggingu á íbúðarhúsnæði á öllum svæðum svo skortur á húsnæði hamli ekki mönnun virkra starfa í ferðapjónustu á Vesturlandi.
- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að efla og auka rannsóknir sem viðkoma ferðapjónustu á öllum sviðum og stuðla að aðgengilegri framsetningu á öllum gögnum sem varða ferðamál.

Á Vesturlandi hefur verið mikill vöxtur og metnaðarfull uppbygging í ferðapjónustu, bæði mannvirkjum og þjónustu. Fyrirtæki í ferðapjónustu eru margbreytileg og bjóða upp á fjölbreytta afþreyingu, gistingu og veitingarekstur. Þetta eru jafnt lítil og stór fjölskyldufyrirtæki, rekstrarfélög og stór þjónustufyrirtæki sem starfa um allt land. Ferðapjónusta er þannig orðin stór og mikilvægur atvinnuvegur og virkur þáttur í lífi fólks sem eykur mjög lífsgæði á Vesturlandi.

Undanfarin ár hafa verið ferðapjónustunni mjög erfið vegna heimsfaraldursins sem hefur reynt mjög á rekstraraðila og starfsfólk ferðapjónustunnar á samdráttartímum, svo margir hafa snúið sér að öðrum störfum. Nú er búið að afnema allar ferðatakmarkanir og ferðapjónustan er komin á fulla ferð aftur, þar sem jafnvel færri komast að en vilja heimsækja Ísland á háönn. Það er mjög mikilvægt að hægt sé að taka á móti og sinna gestum sem vilja heimsækja landið og þannig nýtt þá fjárfestingu, uppbyggingu og innviði sem byggðir hafa verið upp um allt land. Núna þegar þarf að manna ferðapjónustuna aftur af fullum þunga, þá hefur skortur á íbúðahúsnæði víða hamlað mönnun í ferðapjónustu. Það er því mjög mikilvægt að allir taki höndum saman um það að byggja hratt upp aðgengilegt íbúðahúsnæði á góðum kjörum þannig að það anni eftirspurn um allt land.

Til að hægt sé að vinna markvisst að uppbyggingu og gæðastarfi í ferðapjónustu er mjög mikilvægt að unnið sé að virkum rannsóknum um allt land, á umferð, ferðahegðun og atvinnugreininni sjálfri, auk þess að vakta áhrif ferðapjónustu á land og þjóð. Helstu upplýsingar úr rannsóknum og könnunum þurfa að vera aðgengilegar með skýrri framsetningu á rauntíma, til að hægt sé að nýta þær sem stjórnþæki í uppbyggingu og rekstri ferðapjónustu um allt land.

## Matvælaframleiðsla

- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að standa vörð um, styðja við og stuðla að öflugri matvælaframleiðslu og vinnslu á Íslandi.

- Haustþing SSV skorar á ríkið að stuðla að rannsóknum og nýsköpun hvað varðar framleiðslu nýrra próteingjafa svo sem örþörungarækt, einfrumupróteinrækt, skordýrarækt o.s.f.v. til að standa vörð um fæðuöryggi til framtíðar.
- Haustþing SSV skorar á ríkið að stuðla sérstaklega að stuðningi við rannsóknir hvað varðar matvæli og matvælaframleiðslu. Bæði til að stuðla að fæðu- og matvælaöryggi.
- Haustþing SSV skorar á Alþingi að skýra og einfalda regluverk um matvælavinnslu, þannig að það sé ekki íþyngjandi eða dragi úr nýsköpun, vöruþróun og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í matvælaframleiðslu.

Heilnæmi íslenskra matvæla og hreinleiki náttúrunnar eru eftirsótt gæði í heimi sívaxandi eftirspurnar eftir matvælum og vatni. Vesturland er kjörið til matvælaframleiðslu með öflugan landbúnað, útgerð og fiskvinnslu sem saman mynda góðan grunn til sóknar í matvælaframleiðslu og áherslu á aukna ræktun, óhefðbundna matvælaframleiðslu og fullvinnslu á svæðinu til aukinnar verðmætasköpunar.

## Sjávarútvegur

- Haustþing SSV skorar á ríkið að auka rannsóknir á lífmassa Breiðafjarðar og Faxaflóa t.d. þangi og krabba, þannig að betri þekking fái til að tryggja sjálfbæra nýtingu þessara hafsvæða.
- Haustþing SSV skorar á ríkið að stuðla að frekari sátt um sjávarútveg og viðhalda stöðugleika.
- Haustþing SSV skorar á ríkið að skapa betri grundvöll fyrir minni útgerðir sem eru mjög mikilvægar á Vesturlandi en eiga erfitt uppdráttar.
- Haustþing SSV skorar á ríkið að jafna álag vegna veiðigjalda milli uppsjávarfisks og bolfisks.
- Haustþing SSV skorar á Alþingi að endurskoða núverandi fyrirkomulag hrognkelsaveiða.

Á Vesturlandi eru sjávarbyggðir þar sem reknar eru litlar og stórar útgerðir, fiskvinnslur og fiskmarkaðir. Fyrirtækin mynda undirstöðuatvinnuveg viðkomandi byggða og eru leiðandi í nýsköpun og vöruþróun.

Nokkur styr hefur lengi verið í þjóðfélaginu um umgjörð sjávarútvegs á Íslandi, t.d. vegna veiðigjalda, úthlutunar aflheimilda og samþjöppunar, sem skapar óvissu og erfiðleika fyrir þá sem starfa í þeirri atvinnugrein. Mikilvægt er því að skapa sátt og stöðugleika um starfsumhverfi sjávarútvegs þannig að atvinnugreinin geti þróast áfram á grundvelli sjálfbærrar nýtingar, greitt sanngjarnt nýtingargjald af auðlindinni og eflst samfélaginu öllu til hagsbóta.

Haustþing SSV lýsir yfir áhyggjum sínum af íþyngjandi veiðigjöldum, sérstaklega fyrir minni útgerðir. Ljóst er að hröð samþjöppun mun eiga sér stað í atvinnugreininni verði ekki breyting á núverandi fyrirkomulagi veiðigjalda og því er hætta á að þessi grunnstoð atvinnulífs á

Snæfellsnesi muni eiga erfitt uppdráttar. Jafnframt lýsir haustþing yfir áhyggjum af þróun sjávarútvegs á Vesturlandi.

Sveitarfélög á Vesturlandi hafa ítrekað ályktað um nauðsyn þess að núverandi fyrirkomulag hrognkelsaveiða verði endurskoðað. Núverandi fyrirkomulag skapar sjómönnum og vinnslum erfið rekstrarskilyrði og skekkir samkeppnisstöðu þeirra. Því er afar brýnt að Alþingi taki hið fyrsta til umfjöllunar breytingar á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða til þess að bæta rekstrarumhverfi sjómanna og vinnslu með langtíma hagsmuni greinarinnar að leiðarljósi.

## Landbúnaður

- Haustþing SSV skorar á ríkið að styðja og efla rannsóknir á jarðrækt, sérstaklega á kornyrkjum sem vaxa vel við íslenskar aðstæður, auk þess að styðja við kornrækt um allt land, rekstur kornsamlaga, vinnslu, sölu og markaðssetningu á íslensku korni.
- Haustþing SSV skorar á Alþingi að breyta lögum þannig að bændur geti varið akra sína og tún fyrir ágangi álftra með því að leyfa veiðar á fuglinum í ræktarlöndum
- Haustþing SSV skorar á ríkið að styðja við og efla lífræna matvælaframleiðslu á Íslandi.
- Haustþing SSV skorar á Matvælastofnun að endurskoða verkferla varðandi viðbrögð stofnunarinnar við athugasemdum sem berast vegna meðferðar á dýrum, til að tryggja að skepnum í óviðunandi aðstæðum sé komið til aðstoðar tafarlaust.
- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að efla fæðuöryggi með því að standa vörð um, styðja við og stuðla að öflugum landbúnaði á Íslandi.
- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að stuðla að frekari sátt og opinberri orðræðu og rökfærslu varðandi mikilvægi landbúnaðar og fæðuöryggis á Íslandi.
- Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja stöðugleika og sanngjarnt raforkuverð til garðyrkjubænda, til þess að efla framleiðslu og auka framleiðni, stuðla að fjárfestingu, nýsköpun og framþróun greinarinnar.
- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að huga sérstaklega að erfiðri stöðu sauðfjárbænda og þeirra svæða sem eiga afkomu sína að stórum hluta undir sauðfjárrækt og bregðast við með virkum úrræðum sem hafi það markmið að styðja við sauðfjárbændur og verja þau svæði sem byggja afkomu sína á sauðfjárrækt.
- Haustþing SSV skorar á ríkið að rannsóknir, nýsköpun og þróun í landbúnaði verði stórlega eflar, greininni til framdráttar.
- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að leita allra leiða til að hvetja til og styðja við verkefni hagaðila í landbúnaði sem tengjast umhverfis og loftslagsmálum.

Ástandið í heiminum hefur sýnt okkur hversu það er mikilvægt fyrir Íslendinga að vera sjálfbærir um matvælaframleiðslu og fæðuöflun til að tryggja fæðuöryggi á Íslandi.

Á Vesturlandi eru landbúnaðarhéruð og -svæði sem byggja á hefðbundnum fjölskyldubúskap á litlum og stórum búum. Neikvæð umræða, rangfærslur og deilur í þjóðfélaginu um landbúnaðarkerfið og stuðning við íslenska matvælaframleiðslu gerir starfsumhverfi landbúnaðarins óstöðugt og erfitt að búa við. Það er því mjög mikilvægt fyrir fólk og landssvæði sem byggja afkomu sína á þessari atvinnugrein að sátt náist um íslenskan landbúnað. Landbúnaður stuðlar að fæðuöryggi Íslendinga og er víða forsenda þess að byggð haldist í dreifbýlinu. Lifandi landbúnaður í sveitum landsins og matvælaframleiðsla styður einnig við vöruþróun vegna ferðaþjónustu og er byggðafesta fyrir ýmsa byggðakjarna á landsbyggðunum.

Haustþing SSV lýsir yfir miklum áhyggjum á mjög erfiðri stöðu sauðfjárræktar og bendir á að sauðfjárrækt er grunnatvinnuvegur á hluta Vesturlands. Má í því sambandi nefna Dalabyggð sem er svæði sem hefur verið í vörn og búið við stöðuga fækkun íbúa um langt árabíl, en úrvinnslustöð í landbúnaði er meðal stærstu vinnuveitenda í Dalabyggð. Mikilvægt er að standa vörð um þessa starfsemi. Vaxandi áhugi er á heimavinnslu og sölu beint frá býli og mikilvægt er að hlúa vel að slíkum sprotum. Einnig eru mörg tækifæri í landbúnaði sem tengjast umhverfis- og loftslagsmálum og geta miðað að því að fullnusta skuldbindingar og markmið Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040.

Mikilvægt er að stoðkerfi landbúnaðarins sé skilvirkt og styðji vel við alla starfsemi sem viðkemur landbúnaði, bæði jarðrækt og dýrahald. Það er líka mikilvægt að eftirlits og gæðakerfið standi sína plikt og vinni vel með atvinnugreininni til að tryggja bæði gæði í matvælaframleiðslu og velferð dýra á Íslandi. Haustþing SSV fagnar úttekt Ríkisendurskoðunar á verkferlum MAST.

## Grundartangi og grænir iðngarðar

- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að styrkja enn frekar innviði atvinnusvæðisins á Grundartanga og tryggja þar nægt framboð á raforku og vatni til að viðhalda virkri þróun og vexti starfandi fyrirtækja og framþróun atvinnusvæðisins.
- Haustþing SSV skorar á ríkið tryggja öruggar og greiðar samgöngur að og frá Grundartanga, en það er ein mikilvægasta forsenda fyrir rekstri og áframhaldandi öflugri atvinnuuppbyggingu.
- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að leita allra leiða til að hvetja til og styðja við verkefni hagaðila í iðnaði sem tengjast umhverfis og loftslagsmálum.
- Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja að regluverk styðji við framleiðslu rafeldsneytis og að skapaðir verði grænir hvatar sem hvetji til fjárfestinga í grænum lausnum.
- Haustþing SSV skorar á ríkið að móta skýra stefnu um hlutverk opinberra orkufyrirtækja í orkuskiptum.
- Haustþing SSV hvetur ríkið til að halda áfram á sömu braut við að styrkja starfsumhverfi grænna iðngarða á Íslandi.

Atvinnusvæðið á Grundartanga er mikilvægt fyrir Vesturland. Við áframhaldandi þróun svæðisins er nauðsynlegt að horfa til fjölmargra tækifæra í framleiðslu og þjónustustarfsemi sem nýta sér hafnarmannvirki og þekkingarumhverfið á Grundartanga. Aukið samstarf fyrirtækja og nýsköpun er megindrifkraftur framþróunar svæðisins til að gera það enn eftirsóknarverðara fyrir nýja starfsemi með lágmarks umhverfisáhrif.

Fyrirtæki á svæðinu hafa á undanförunum árum lagt metnað sinn í að draga úr umhverfisáhrifum sínum með ýmsum ráðstöfunum, t.d. að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, rykmengun og losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. Fyrirtækin vilja skapa sátt við umhverfi sitt og samfélag og vera ábyrg í sínum rekstri.

Markmið Íslands er að ná kolefnishlutleysi árið 2040 og að landið verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2050. Vegna hagnýtingar umhverfisvænnar orku er Ísland í öfundsverðri stöðu og í raun í dauðafæri til að verða fyrst þjóða til að hætta notkun á jarðefnaeldsneyti. Framleiðsla rafeldsneytis úr endurnýjanlegum orkugjöfum er mikilvægt skref á þeirri vegferð. Þróunarfélag Grundartanga ásamt samstarfsaðilum hafa kannað fýsileika þess að framleiða rafeldsneyti á Íslandi og er Grundartangi án efa eitt heppilegasta svæði á landsins til slíkrar framleiðslu. Þar liggja einnig mikil tækifæri í nýtingu á glatvarma frá Elkem og öðrum fyrirtækjum til raforkuframleiðslu, til hitaveitu og annarra verkefna sem hagnýta varma og aðra efnisstrauma iðnfyrirtækja á Grundartanga. Undirritaðar hafa verið viljayfirlýsingar um frekari rannsóknir á tækifærum á Grundartanga við Veitur, Carbfix, Landsvirkjun og fleiri aðila.

Haustþing SSV þakkar stjórnvöldum fyrir þau skref sem tekin hafa verið í rafeldsneytismálum og fagnar áherslum stjórnvalda í orkuskiptum og loftslagsmálum og bendir á að iðnaðarsvæðið á Grundartanga getur verið í lykilhlutverki í loftslagsmálum og orkuskiptum á Íslandi.

## Verkefni til eflingar svæða

- Haustþing SSV hvetur stjórnvöld til að styðja ríkulega við verkefni og samstarf til eflingar svæða.

Sveitarfélög, í samvinnu við atvinnulíf og félagasamtök á Vesturlandi, hafa sýnt frumkvæði í að koma á fót samstarfi og verkefnum til að styrkja byggð og atvinnuuppbyggingu á grunni sjálfbærni. Sem dæmi má nefna Svæðisgarðinn Snæfellsnes og Dalaauð. Haustþing SSV fagnar þessum verkefnum.

## Nýsköpun

- Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja sanngjarna hlutdeild Vesturlands við úthlutun fjármuna til nýsköpunar.
- Haustþing SSV hvetur ríkið til að styðji með öflugri hætti við fjárfestingu í nýsköpun og rannsóknavinnu með stórauðum og stærri styrkjum sem úthlutað er til starfsemi sem stunduð er á landsbyggðunum.

- Haustþing SSV skorar á ríkið að stuðla að og styðja við fjölgun starfa í nýsköpun á Vesturlandi og hvetja til aukins framboðs á störfum án staðsetningar. Tími er komin til að standa við stóru orðin varðandi fjölgun starfa á landsbyggðunum.

Mikilvægi nýsköpunar í atvinnulífi hefur aldrei verið meiri, miklar samfélagsbreytingar eru í gangi og innleiðing nýrrar tækni á öllum sviðum. Unnin hefur verið mikil heimavinna og grunnur að frjórri starfsemi til nýsköpunar af öllum toga verið lagður á Vesturlandi. Þar má nefna Rannsóknar og nýsköpunarsetrið Breið á Akranesi, Gleipni nýsköpunar- og þróunarsetur háskólanna á Vesturlandi og stofnun samvinnurýma- og nýsköpunarsetra á þéttbýlisstöðum á Vesturlandi, ásamt Nýsköpunarneti Vesturlands (NýVest) sem mun tengja saman þessar starfsstöðvar og er kjörin vettvangur til að leiða og örva nýsköpun á Vesturlandi. Að Nýsköpunarneti Vesturlands standa háskólar, framhaldsskólar, Símenntunarmiðstöðin, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar á svæðinu. Enn fremur eru samvinnurými og nýsköpunarsetur sem er verið að stofna góður farvegur fyrir óstaðsett störf og fjarvinnsluverkefni af öllum toga.

Atvinnuráðgjöf SSV hefur markvisst komið að stuðningi við frumkvöðla og fjármagn úr Sóknaráætlun Vesturlands hefur nýst til nýsköpunar og sem beinn stuðningur við frumkvöðla.

## Umhverfismál/loftslagsmál

- Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja jöfnun í dreifingu og kostnaði raforku í landinu.
- Haustþing SSV skorar á ríkið að koma að uppbyggingu hátækni brennslustöðvar í landinu.
- Haustþing SSV skorar á ríkið að finna ásættanlega lausn varðandi förgun dýraleifa þar sem áhersla verður lögð á öruggan farveg fyrir förgun áhættuþvefja.
- Haustþing SSV skorar á sveitarfélögin á Vesturlandi að leitast við að hafa græn gildi að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og miða ákvarðanatöku við að reyna að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af henni.

Haustþing SSV tekur undir mikilvægi aðgerða í umhverfismálum, sem kalla á margvíslegar leiðir til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar sem hafa verið settar fram í loftlagsmálum og öðrum umhverfismálum. Mikilvæg aðgerð til að ná þessum markmiðum er að ríkið tryggi jöfnun í dreifingu og kostnaði raforku í landinu.

Þrenging á heimildum urðunarstaða til urðunar sláturúrgangs/dýrahæja mun kalla á fjárfestingar af hálfu sveitarfélaga en sveitarfélög kalla á aðkomu ríkisins að verkefninu, þar sem augljóslega reynir á skyldur ríkisins varðandi EES-samninginn.

Mikil áhersla verður á komandi árum á loftslagsmál og getur Vesturland verið þar í fararbroddi. Environice vann ítarlega skýrslu fyrir SSV um kolefnisspor Vesturlands. Í skýrslunni sem kynnt var s.l. vorið 2021 voru jafnframt tillögur að aðgerðum til þess að draga úr kolefnislosun á Vesturlandi sem mikilvægt er að nýta.